

**Sp.**

**205. Tillaga til þingsályktunar**

[97. mál]

um fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslu-  
möguleika í sambandi við virkjunina.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Garðar Halldórsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að hlutast til um, að gerð verði fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum.
2. Að láta athuga möguleika til þess að koma upp framleiðslu á útflutningsvöru í sambandi við virkjunina.

**Greinargerð.**

Jökulsá á Fjöllum, öðru nafni Jökulsá í Öxarfirði, er eitt af lengstu og mestu vatnsföllum landsins. Hún á upptök sín í norðanverðum Vatnajökli og fellur til sævar í Öxarfirði. Langt er síðan byrjað var að mæla vatnsmagn árinna á ýmsum tímum árs, og á grundvelli þeirra mælinga voru einnig fyrir löngu gerðir lauslegir útreikningar um fallorku hennar. Fyrir nokkrum árum var á vegum raforkumála-  
stjórnarinnar hafin ýtarleg rannsókn virkjunarskilyrða, og hefur henni verið haldið áfram. Af upplýsingum, sem fyrir liggja, mun mega ráða, að hagkvæmt sé og hlutfallslega ódýrt að virkja ána í tveim orkuverum, öðru við Dettifoss og hinu við Vígabergsfoss, a. m. k. 300—400 þús. kw. samtals. Til samanburðar má geta þess, að hér er um að ræða 4—5 sinnum meiri orku en fást mun úr Soginu fullvirkjuðu. Líkur benda til, að varla muni annars staðar á landinu hægt að framleiða svo mikið orkumagn á lægra verði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að nú sé tímabært að hefjast handa um að gera fullnaðaráætlun um orkuver við Jökulsá og stofnkostnað þeirra. Framkvæmd þeirrar stórvirkjunar, sem hér er um að ræða, tekur langan tíma. Ekki mun verða í hana ráðizt fyrst um sinn, nema fyrir liggi, að hægt sé að koma raforkunni í verð, um leið og hún verður til staðar. Af þessu leiðir, að þegar til virkjunarframkvæmda kemur, þarf jafnframt að stofna til útflutningsvöruframleiðslu í stórum stíl, sem rekin yrði í sambandi við orkuvinnsluna, og tryggja þeirri framleiðslu markað. Athugun á möguleikum í þessu sambandi þarf að fara fram, og æskilegt er, að niðurstaða þeirrar athugunar liggi fyrir samtímis fullnaðaráætlun um virkjunina — ef unnt er — eða sem allra fyrst að henni lokinni.

Rétt er að hafa það í huga, að jafnframt því sem virkjun Jökulsár gæti orðið undirstaða mikils vaxtar í atvinnulífi, mundi með henni skapast öflugur raforkuvarasjóður fyrir núverandi og fyrirhugaðar orkuveitur á Norður- og Austurlandi, en rafmagnsnotkun á þessu svæði er nú nálægt 20 þús. kw. samtals og fer að sjálf-sögðu vaxandi.

Nánar í framsögu.